

Ár 2023 þriðjudaginn 4. júlí er dómþing Áfrýjunardómstóls GSÍ háð, af Bergþóru Sigmundsdóttur, Garðari Svanssoni og Sigrúnu Eir Héðinsdóttur.

Fyrir er tekið:

**Mál nr. 1/2023**

**Kristján Ólafur Jóhannesson og**

**Margeir Vilhjálmsson**

**gegn**

**Mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga 2022**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**dómur.**

I.

Mál þetta dæma Bergþóra Sigmundsdóttir, Garðar Svansson og Sigrún Eir Héðinsdóttir.

Áfrýjendur eru Kristján Ólafur Jóhannesson og Margeir Vilhjálmsson. Varnaraðili er mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga 2022.

Málið var þingfest 6. júní sl. Ákveðið var í dómþingi þann 27. júní sl. að málið yrði munnlega flutt fyrir dóminum.

Úrskurður aganefndar var kveðinn upp 30. september 2022, mál nr. 1/2022, þar sem Kristján Ólafur Jóhannesson og Margeir Vilhjálmsson voru úrskurðaðir til að sæta leikbanni í tólf mánuði frá dagsetningu úrskurðarins. Helgi Svanberg Ingason var einnig úrskurðaður til að sæta sama leikbanni og áfrýjendur en hann lagði ekki fram kærú til Dómstóls GSÍ vegna úrskurðar aganefndar. Hinn áfrýjaði dómur Dómstóls GSÍ var kveðinn upp þann 2. mars 2023 og var áfrýjendum gert að sæta óhlutgengi til keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá 30. september 2022.

*Samkvæmt 1. tl. 12. gr. laga um dómstóla GSÍ skal Áfrýjunardómstóll GSÍ skipaður 3 dómurum, a.m.k. einum löglærðum og tveimur landsdómurum í golfi og einum löglærðum og tveimur landsdómurum í golfi til vara. Á golfþingi GSÍ 19.-20. nóvember 2021 voru þrjú lögfræðingar kosnir aðalmenn í Áfrýjunardómstól GSÍ, tveir lögfræðingar varamenn og einn landsdómari í golfi varamaður. Í ljósi þessa töldu löglærðir dómara sig ekki geta starfað við Áfrýjunardómstól GSÍ á grundvelli kosningarinnar á golfþingi GSÍ 2021, þar sem kosning dómara í Áfrýjunardómstól GSÍ á golfþinginu færi gegn ákvæðum laga um dómstóla GSÍ hvað varðar fjölda landsdómara í golfi og lögfræðinga. Þá töldu þeir að hvorki lægi ljóst fyrir hvaða lögfræðingur væri kosinn aðalmaður né hvaða lögfræðingur væri kosinn til vara auk þess sem lágmarksfjölda landsdómara í golfi væri ekki náð. Við þessar aðstæður varð Áfrýjunardómstóll GSÍ óstarfhæfur og boðaði stjórn GSÍ til aukþings GSÍ þann 4. maí sl. til að kjósa dómara við Áfrýjunardómstól GSÍ.*

*Við þingfestingu málsins þann 6. júní sl. lagði lögmaður áfrýjenda fyrir þeirra hönd fram kröfu þess efnis að Bergþóra Sigmundsdóttir, Garðar Svansson og Sigrún Eir Héðinsdóttir, dómara við Áfrýjunardómstól GSÍ við meðferð máls nr. 1/2023, vikju sæti á grundvelli þess að Áfrýjunardómstóllinn væri ekki réttilega kosinn á aukþingi GSÍ þann 4. maí sl., ekki væri staðið rétt að framboðsmálum til Áfrýjunardómstóls GSÍ á aukþinginu, ekki væri rétt staðið á vanhæfismati kjörins dómara sem vék sæti og ekki væri réttilega staðið að ákvörðun á varamanni hans. Áfrýjunardómstóll GSÍ kvað upp úrskurð þann 19. júní sl., þar sem kröfu kæranda var hafnað, úrskurðarmál nr. 1/2023.*

155  
S  
S  
S

Áfrýjunin barst skrifstofu GSÍ þann 8. mars sl. í tölvupósti. Frumrit áfrýjunar barst 17. maí 2023. Áfrýjendur Kristján Ólafur Jóhannesson og Margeir Vilhjálmsson gera eftirfarandi dómkröfur:

Þeir krefjast þess aðallega að úrskurður aganefndar í máli þeirra og jafnframt ákvæði hins áfrýjaða dóms um óhlutgengi til keppni innan golfhreyfingarinnar í tólf mánuði frá 30. september 2022 verði felld úr gildi. Til vara er krafist vægari viðurlaga en í hinum áfrýjaða dómi.

Dómkröfur varnaraðila eru að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Gögn málsins liggja frammi.

## II.

Málavextir voru með þeim hætti að Golfsamband Íslands hélt í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar Íslandsmót eldri kylfinga á Jaðarsvelli á Akureyri 14. – 16. júlí 2022. Á öðrum keppnisdegi, þ.e. 15. júlí 2022, var dómari mótsins, Tryggvi Jóhannesson, sem einnig átti sæti í mótsstjórn, staddur ásamt formanni mótsstjórnar, Arnari Geirssyni, á göngustíg þar sem sást vel á flöt 17. holu. Fylgdust þeir með ráshóp nr. 16 þúttá á 17. flöt en áfrýjendur ásamt Helga Svanberg Ingasyni voru í ráshópi nr. 16. Þegar Kristján Ólafur og Helgi Svanberg höfðu báðir þúttað boltunum sínum í holu 17 þá lögðu þeir boltana aftur á flötina og þúttuðu aftur eftir að leik á holunni var lokið. Margeir hafði þá gengið að næsta teig. Samkvæmt 13. gr. keppnisskilmála og staðarreglna 2022 sem samþykktar voru 11. apríl 2022 í stjórn GSÍ er: *Æfing Reglu 5.5b breytt þannig í högggleik: Á milli hola má leikmaður ekki: Slá nein æfingahögg á eða nærri flöt holunnar sem hann var að ljúka, eða Prófa yfirborð flatarinnar með því að nudda flötina eða rúlla bolta. Víti fyrir brot á staðarreglu: Almenn vití.*

Ágreiningur er uppi milli áfrýjenda og varnaraðila hvort 13. gr. keppnisskilmála og staðarreglna hafi verið sett af bærum aðila. Einnig er ágreiningur um hvort reglan hafi verið kynnt með öruggum hætti og einnig er ágreiningur milli áfrýjenda og varnaraðila, hvort og þá með hvaða hætti golfdómari, Tryggvi Jóhannesson, hafi tilkynnt leikmönnum um almenna vítið, hvar það var gert og hverjir voru þar viðstaddir. Hins vegar liggur fyrir að Kristján Ólafur og Helgi Svanberg skiluðu inn skorkortum án almenns vítis. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvort Margeir var ritari fyrir Helga Svanberg eða Kristjáns Ólafs. Kristjáni Ólafi, Helga Svanberg og Margeiri var vísað úr mótinu og í framhaldi af því kærðir af mótsstjórninni til aganefndar GSÍ.

## III.

Í dómi Dómstóls GSÍ er framburður aðila máls og vitna rakin.

Kristján Ólafur og Helgi Svanberg viðurkenna fyrir golfdómara mótsins, Tryggva Jóhannssyni, að hafa þúttað æfingapútt á flöt á 17. holu eftir að leik þeirra á holunni lauk. Kom það einnig fram við vitnaleiðslu. Kristján Ólafur staðfesti að golfdómari mótsins hafi komið að máli við hann og tilkynnt honum að með því að þúttá æfingapútt á 17. flöt hafi hann brotið staðarreglu og það varðaði almennt víti. Helgi Svanberg staðfestir að golfdómari mótsins hafi komið á tal við þá en hann heyrði engar samræður. Fram kom að Helgi Svanberg heyrir illa. Margeir vísaði til fésbókarfærslu sinnar frá 16. júlí 2022. Hann kvaðst ekki hafa séð hvað gerðist á 17. flöt en golfdómari mótsins tjáði honum að þeir Helgi Svanberg og Kristján Ólafur hefðu þúttað æfingapútt eftir að leik þeirra á holunni lauk. Margeir bað golfdómara mótsins um að koma til skorkortaherbergis og ræða málin og þar sem að hann kom ekki var ákveðið að skrá ekki vítahögg. Kristján Ólafur kveðst hafa upplifað samtalið svo við dómara að um ábendingu hafi verið að ræða en ekki úrskurð um víti. Margeir sagði að dómari hafi ekki sagt við hann að hann ætti að skrá vítahögg.

Kristján Ólafur og Helgi Svanberg kvaðust ekki hafa verið kunnugt um staðarregluna. Margeir kvaðst kannast við staðarregluna en hafði ekki áttað sig á að hún gildi á þessu móti.

Gísli Guðni Hall kom einnig fyrir dóminn en hann hafði farið á fund mótsstjórnar með Kristjáni Ólafi. Í máli hans kom fram að Kristjáni Ólafi hafi ekki verið kunnugt um staðarregluna sem byggt var á og að ekki hefði náðst samkomulag um að bæta 2 höggum við skor Kristjáns Ólafs.

Fulltrúar úr mótsstjórn lýstu því allir yfir við vitnaleiðslur fyrir dómi að mótsstjórn hefði tekið sameiginlega ákvörðun um frávísun áfrýjenda og Helga Svanbergs og vísa málinu í framhaldi af því til aganefndar GSÍ.

Starfsmaður GA sem vann í skorkortaherberginu þegar ráshópur 16 mætti og skilaði skorkortum gaf símaskýrslu. Hún staðfesti að ofangreindir aðilar hafi verið ósáttir þegar þeir komu inn í skorkortaherbergið.

Þá liggur fyrir skriflegur framburður Herborgar Arnarsdóttur, maka og kylfubera Margeirs. Einnig liggur fyrir skriflegur framburður Kristins Óskarssonar, leikmanns í mótinu, sem einnig þúttaði æfingapútt en mótsstjórn bætti við tveimur höggum við skor hans eftir að hann skilaði inn skorkorti, var það ágreiningslaust.

#### IV.

Áfrýjendur vísa til 5. gr. reglugerðar um aganefnd og telja að Sigurður Geirsson nefndarmaður í aganefnd hafi verið vanhæfur þar sem hann hefði tjáð sig um málið á opinberum vettvangi.

Áfrýjendur byggja á því að hin umdeilda staðarregla hafi ekki verið sett með réttum hætti og hún hafi ekki verið kynnt keppendum með nægjanlega tryggum hætti samkvæmt golfreglum. Ekki sé því unnt að byggja á slíkri reglu nein vítishögg eða frávísun úr mótinu og þaðan af síður ákvarða leikbann. Þá er byggt á almennum golfreglum R&A en í þeim er leyfilegt að þútta æfingapútt á holu eftir að leik lýkur á holunni og er GSÍ skylt að fylgja þeim reglum sbr. 2. gr. laga Gólf sambands Íslands.

Áfrýjendur byggja einnig á því að ekki hafi komið fram með óyggjandi hætti að golfdómari mótsins hafi verið að úrskurða um almenna vítið vegna brots á staðarreglu. Þeir Kristján Ólafur og Helgi Svanberg þekktu ekki þessa staðarreglu. Ekki hafi því verið um vísitandi ásetning að ræða.

Áfrýjendur vísa jafnframt til almennrar jafnræðisreglu. Annar leikmaður hafi brotið sömu staðarreglu og hafi honum verið boðið að taka 2 víti eftir að hann skilaði skorkortinu. Honum var heldur ekki kunnugt um staðarregluna. Ritara hans var kunnugt um staðarregluna en skrifaði samt undir skorkortið og fékk hann frávísun eftir að hann hafði greint frá atvikinu. Þá kveða áfrýjendur að mun fleiri hafi brotið þessa staðarreglu á mótinu enda hún illa kynnt.

Um viðurlagaheimildir vísa áfrýjendur til 2. töl. 16. gr. laga um dómstóla GSÍ og telja ekki ljóst hvað felst í hugtakinu „innan golfhreyfingarinnar“.

Áfrýjendur byggja jafnframt á því að þeir hafi þegar fengið refsingu með frávísun úr mótinu. Með dómsorðinu og úrskurði aganefndar sé í raun um tvöfalda refsingu að ræða fyrir sama brot og er því mótmælt. Áfrýjendur telja refsinguna ótrúlega þ.e. tólf mánaða útilokun frá þátttöku í keppni miðað við eitt aukapútt á 17. flöt vallarins sem þeir Kristján Ólafur og Helgi Svanberg tóku án þess að vita að með því væru þeir að brjóta illa kynnta staðarreglu sem var sett með röngum hætti.

Áfrýjendur vísa til úrskurða og dóma innan golfhreyfingarinnar þar sem leikmenn m.a. hafa breytt skorkorti til lækkunar á skori. Refsingin er ýmist sú sama eða eingöngu tólf mánaða útilokun frá keppni. Leikmanni er ekki alltaf vísað úr mótinu. Áfrýjendur telja málin ekki samanburðarhæf. Í einstaka tilvikum er eingöngu um áminningu að ræða.

Áfrýjendur vísa til nokkurra dóma frá öðrum íþróttagreinum þar sem brot og óíþróttamannsleg framkoma leikmanna var mun alvarlegri en í þessu máli en refsingin mun minni. Þyngsta refsingin hafi verið 5 leikja bann.

25.11  
46

Áfrýjendur byggja jafnframt á því að golfdómari mótsins hafi ekki farið eftir leiðbeiningarreglum sem fram koma í handbók fyrir dómara þegar hann úrskurðaði um almenna vítið. Þá hafi mótsstjórn hvorki bókað í fundargerð ákvarðanir um frávísunina úr mótinu né ákvörðunina um að kæra áfrýjendur til aganefndar GSÍ. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir áfrýjenda til GSÍ um dómarskýrslu mótsins barst hún ekki áfrýjendum en fyrir liggur að hún var óundirrituð og ódagsett. Ekki verði séð að dómarskýrslan hafi borist aganefnd GSÍ fyrir uppkvaðningu úrskurðar í málinu.

Öll þessi atriði og fleiri voru nákvæmlega útlustuð í kærnum, greinargerðum og komu fram við munnlegan flutning málsins fyrir dómstólum GSÍ.

## V.

Varnaraðili vísar til þess að agabrot áfrýjenda hafi ekkert með 13. gr. keppnisáskilmála og staðarreglna að ræða hvorki tilurð hennar né birtingu. Agabrot þeirra felst í því að hafa hundsáð úrskurð golfdómara mótsins og skilað vísitandi inn röngu skorkorti. Ritara bar að færa inn almenna vítið á skorkortið, þ.e. tvö vítahögg og leikmönnum bar að samþykkja það.

Varnaraðili vísar til gr. 20.2 í golfreglum en samkvæmt þeirri grein eru úrskurðir dómara endanlegir en þessa meginreglu megi finna í flestum íþróttgreinum. Ekki er deilt við dómara.

Varnaraðili vísar til þess að mótsstjórn geti eingöngu vísað leikmanni úr mótinu. Samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga Golfsambands Íslands fjallar aganefnd um agavandamál keppenda vegna opinna móta og móta á vegum GSÍ. Það sé því ekki um tvöfalda refsingu að ræða. Áfrýjendur fá frávísun úr mótinu fyrir að hafa vísitandi ritað rangt skor á skorkortið og skilað skorkortinu inn með röngu skori. Agabrot þeirra felst í því að þeir hundsá úrskurð golfdómara mótsins.

Leikmönnum mátti vera ljóst að þeir áttu að færa inn almenna vítið. Almenn er ekki bókað um úrskurði í golfmótum. Leikmönnum er tilkynnt um brotið munnlega og upplýstir um hver refsingin er. Starfsmenn móta eru sjálfboðaliðar og er hætta á því að erfitt verði að manna allar stöður ef kröfurnar verða hertar.

Varnaraðili vísar til þess að flestir úrskurðir aganefndar og Dómstóls GSÍ í sambærilegum málum kveða á um tólf mánaða útilokun frá keppni. Ungur aldur hefur þó haft áhrif á niðurstöður í örfáum málum. Varnaraðili vísar til þess að mótatímabil golfíþróttarinnar sé að sumri til og því hafi það e.t.v. haft áhrif á lengd refsingar til að koma í veg fyrir misræmi milli mála eftir því hvenær sumars brot á sér stað. Varnaraðili veltir því upp hvort lengd refsingar sé of mikil án þess að ræða það frekar.

Varnaraðili vísar til þess að erfitt sé að bera saman aðrar íþróttir við golfíþróttina hvað varðar dómaramál og skýrslugerð. Í öðrum íþróttum er gefið t.d. gult og rautt spjald sem hefur ákveðna merkingu sem allir þekkja. Golfíþróttin byggir á heiðarleika og drengilegri framkomu. Golfdómari fylgist ekki með leikmönnum allan tímann en er þeim til leiðbeiningar.

Öll þessi atriði og fleiri voru nákvæmlega útlustuð í kærnum, greinargerðum og komu fram við munnlegan flutning málsins fyrir dómstólum GSÍ.

## VI.

Dómurinn telur að Sigurður Geirsson, nefndarmaður í aganefnd GSÍ, hafi ekki tekið afstöðu til málsins á opinberum vettvangi á þann hátt að ætla mætti að það hafi haft áhrif á niðurstöðu aganefndar í máli þessu. Fyrir liggur að nefndarmenn voru einhliða sammála um niðurstöðu málsins í aganefnd.

Óumdeilt er í máli þessu að áfrýjandinn Kristján Ólafur og samspilari hans endurtóku pútt á 17. holu eftir að leik var lokið á holunni. Áfrýjandinn Margeir varð ekki vitni að því atviki.

Áfrýjunardómstól GSÍ hefur tekið til skoðunar öll þau atvik sem gætu haft áhrif á annars vegar hvort dæma eigi frekari refsingu í máli þessu en frávísun úr mótinu og hins vegar önnur þau viðurlög og refsingar

HSEH  
SD  
SS

sem dómstólar GSÍ og aganefnd GSÍ geta beitt m.a. um tímalengd útilokunar frá keppni í golfi á opnum mótum og golfmótum á vegum Golfsambands Íslands.

Ágreiningur er í máli þessu um hver sé „nefndin“ og þar með bær aðili til að setja staðarreglur vegna Íslandsmóts eldri kylfinga 2022. Íslandsmót eldri kylfinga er mót sem haldið er á vegum Golfsambands Íslands og í samvinnu við Golfklúbb Akureyrar sem fékk mótið úthlutað og annaðist því framkvæmd mótsins. Mótsstjórn er skipuð fulltrúa frá GSÍ og fulltrúum frá Golfklúbbi Akureyrar. Stjórn GSÍ samþykkti keppnis-skilmála og staðarreglur 2022 á fundi sínum 11. apríl 2022 og birtar voru á heimasíðu Golfsambands Íslands. Þar kemur fram: „Eftirfarandi keppnis-skilmálar og staðarreglur, ásamt viðbótum og breytingum sem birtar verða á hverjum keppnisstað af mótsstjórn, munu gilda í mótum sem haldin eru á vegum Golfsambands Íslands árið 2022, samanber reglugerðir mótanna.“ Þar er í 13. gr. tilgreind staðarregla sú sem áfrýjandinn Kristján Ólafur og meðspilari hans brutu. Í reglugerð um Íslandsmót golfklúbba í flokkum eldri kylfinga sem í gildi var í júlí 2022, kemur m.a. fram í 1. másl. 2. gr. að stjórn GSÍ skuli hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Í 1. og 2. másl. 5. gr. sömu reglugerðar kemur fram að almennir keppnis-skilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn geti þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Reglugerð þessi var einnig birt á heimasíðu Golfsambands Íslands. Við úthlutun mótsins til Golfklúbbs Akureyrar gekkst golfklúbburinn undir þessa skilmála og mótsstjórn mótsins tók við framkvæmd mótsins með þessum skilmálum og gerði þessa staðarreglu með því að sinni staðarreglu. Er því ekki fallist á þau rök áfrýjenda að staðarreglan hafi ekki verið sett af til þess bærum aðila.

Fyrir liggur að staðarreglan var birt á mótsstað á upplýsingavegg og einnig kemur hún fram í ofangreindum tveimur reglugerðum sem voru birtar á heimasíðu Golfsambands Íslands. Er það mat dómsins að birting og kynning á umræddri staðarreglu hafi farið fram með nægjanlegum hætti.

Það verður að teljast sannað með vísan til framburðar Kristjáns Ólafs sjálfs fyrir Dómstól GSÍ og með hliðsjón af greinargerð hans til aganefndar GSÍ að dómari mótsins sagði við hann að það sem gerðist á 17. flöt væru tvö högg í víti. Einnig fær þetta stuðning í vitnisburði dómarans, Tryggva Jóhannssonar og formanns mótsstjórnar, Arnars Geirssonar.

Einnig verður að teljast sannað þegar horft er til allra gagna málsins svo sem framburðar dómara mótsins, greinargerða til aganefndar GSÍ og fésbókarfærslu Margeirs sjálfs þann 16. júlí 2022 að áfrýjandinn Margeir hafi vitað af því að dómari mótsins hafi vítað meðspilara þann sem Margeir var ritari fyrir.

Allir leikmenn í þeim ráshópi sem hér um ræðir eru reyndir golfspilarar. Með háttsemi sinni er það mat dómsins að áfrýjendur hafi tekið meðvitaða ákvörðun um skila skortkortunum inn með þeim hætti sem þeir gerðu. Verður að gera kröfu til þess að svo reyndir golfspilarar þekki golfreglurnar og meðal annars sérstaklega þá reglu sem fram kemur í grein 20.2a að leikmönnum beri að fylgja úrskurði dómara um staðreyndir og hvernig reglunum er beitt. Án þess að kanna málið frekar, sem þeim bar sem leikmanni og ritara, skiluðu áfrýjendur sem leikmaður og ritari inn röngum skortkortum þar sem ekki var gert ráð fyrir því almenna víti sem dómari mótsins hafði gert þeim grein fyrir. Vísast í þessu samhengi einnig til reglu 1.3b. Auk þess að skila inn röngum skortkortum þá fóru áfrýjendur ekki eftir úrskurði dómara mótsins eins og þeim bar.

Á Íslandsmóti eldri kylfinga 2022 kom upp annað tilvik er varðaði umrædda staðarreglu en mótsstjórn bætti við tveimur höggum við skor þess leikmanns eftir að hann skilaði skortkortinu en það var ágreiningslaust og er heimild til þess í reglum R&A, sbr. 20.2e, sbr. regla 3.3b. Ritari leikmannsins veitti þessar upplýsingar eftir að áfrýjendum hafði verið vísað úr mótinu. Ritarinn kvaðst hafa vitað af staðarreglunni. Ritaranum var vísað úr mótinu en ekki var gert neitt frekar í því máli. Það er mat dómsins að leikmenn í mótum á vegum GSÍ verði að geta treyst því að gætt sé að almennum jafnræðisreglum við ákvörðun viðurlaga á brotum.

EXI  
30  
56

Við samanburð við aðrar íþróttagreinar ber að hafa í huga að dómarrar í golfi fylgja ekki leikmönnum eftir eins og gengur og gerist í flestum öðrum íþróttagreinum. Ætlast er til af leikmönnum í golfi að þeir leiki í anda leiksins með því að koma fram af ráðvæðni, til dæmis með því að fylgja reglunum, beita öllum vítum og vera heiðarlegir í öllu sem snýr að leiknum, sbr. reglu 1.2a, án þess að dómari fylgi því eftir. Í öðrum íþróttagreinum eru t.d. gefin gul og rauð spjöld sem hafa ákveðna merkingu sem er vel kunn og dómarrar eru þeir sem eingöngu ákvarða um brot leikmanna. Með hliðsjón af þessu er erfitt að bera saman brot og refsingar í golfi við aðrar íþróttagreinar.

Dómurinn fellst ekki á að atvik þau sem hér eru til meðferðar séu alveg sambærileg við önnur þau atvik sem lögð voru fram í dóminum hvað alvarleika snertir. Áfrýjendur breyttu ekki vísvitandi skori á skorkorti til lækkunar. Með háttsemi sinni er það mat dómsins að áfrýjendur hafi tekið meðvitaða ákvörðun um skila skortkortunum inn með þeim hætti sem þeir gerðu eins og að framan er getið.

Það er mat Áfrýjunardómstóls GSÍ að áfrýjendur eigi ekki að gjalda þess að lög, reglur og framkvæmd golfhreyfingarinnar hvað varðar refsíakvarðanir, taki ekki nægilega mikið tillit til þess að golftímabilið á Íslandi er að mestu að sumri til.

Mál þetta hefur verið til meðferðar hjá golfhreyfingunni í tæpt eitt ár sem er allt of langur tími fyrir aðila þessa máls.

Að öllu framan virtu er það niðurstaða Áfrýjunardómstóls GSÍ að áfrýjendur hafi gerst sekir um brot er varðar viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga um dómstóla GSÍ. Með hliðsjón af því að áfrýjendur hafi meðvitað skilað inn röngum skorkortum var þeim réttilega vísað úr Íslandsmóti eldri kylfinga 2022. Það er mat Áfrýjunardómstóls GSÍ að tímalengd refsingarinnar sé ekki í samræmi við brot áfrýjenda og þykja því viðurlögin hæfilega ákveðin þau að áfrýjendur sæta óhlutgengi, þannig að þeir eru útilokaðir frá þátttöku í keppni í opnum mótum og mótum á vegum Golfsambands Íslands í sex mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar aganefndar GSÍ þann 30. september 2022. Vegna þess hve málarekstur þessi hefur staðið lengi þykir hæfilegt að milda tímalengd refsingar um tvö mánuði og verði því Kristjáni Ólafi Jóhannessyni og Margeiri Vilhjálmsyni gert að sæta óhlutgengi, þannig að þeir eru útilokaðir frá þátttöku í keppni í opnum mótum og mótum á vegum Golfsambands Íslands í fjóra mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar aganefndar GSÍ þann 30. september 2022.

Dómarrar í Áfrýjunardómstól GSÍ taka undir með dómara í Dómstól GSÍ að ekki hafi verið nægjanleg formfesta í störfum mótstjórnar þegar ákvarðanir voru teknar sem varða mikilvæga hagsmuni einstaklinga. Einnig finna dómarrar í Áfrýjunardómstól GSÍ að því að ekki virðist hafa verið nema einn dómari í golfi að störfum á Íslandsmóti eldri kylfinga 2022.

#### Dómsorð:

Kristján Ólafur Jóhannesson hlýtur óhlutgengi, þannig að hann er útilokaður frá þátttöku í keppni í opnum mótum og mótum á vegum Golfsambands Íslands í fjóra mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar aganefndar GSÍ þann 30. september 2022.

Margeir Vilhjálmsson hlýtur óhlutgengi, þannig að hann er útilokaður frá þátttöku í keppni í opnum mótum og mótum á vegum Golfsambands Íslands í fjóra mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar aganefndar GSÍ þann 30. september 2022.

*Sigrún Elfríðsdóttir*  
*hanna Svansson*